

9. flokkur. 65 aurar fyrir ten.-fetið:
Trjáviður, sem reiknast eftir rúmmáli, húsgögn, hljóðfæri, olíu- og lýsisgeymar o. fl., og allar vörur ótaldar annars staðar, sem gjald reiknast af eftir rúmmáli.
10. flokkur. 100 aurar pr. stk.:
Tunnur og föt, uppsett og óuppsett.
11. flokkur. 400 aurar pr. tunnu:
Öll sild, verkuð.
12. flokkur. 100 aurar hvert mál:
Öll sild í bræðslu, sem flutt er á land innan hafnarsvæðis Siglufjarðar, eða á skip á höfninni eða annars staðar innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins.
13. flokkur. 1000 aurar stk.:
Stórgripir og lifandi búpeningur.
14. flokkur. 25 aurar fyrir hver 100 kg.:
Allur fiskur, slægður og óslægður, sem skipað er upp í höfninni. Enn fremur 100 aurar fyrir hverja tunnu af nýrri sild, sem skipað er upp í höfninni til söltunar eða frystingar.

4. gr.

44. gr. reglugerðarinnar, sem verður 43. gr., orðist þannig:
Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 100 000.00 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum.
Sektirnar renna í hafnarsjóð Siglufjarðarkaupstaðar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnarlögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 8. janúar 1970.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um bifreiðamál ríkisins.

1. gr.

Fjármálaráðuneytið, fjárlaga- og hagsýslustofnun, hefur yfirumsjón með allri bifreiðaeign ríkisins og bifreiðanotkun á þess vegum, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari.

2. gr.

Reglur um bifreiðanotkun á vegum ríkisins eru tvenns konar, eftir því hvort um er að ræða bifreiðar í eigu ríkisins, sbr. 3. gr., eða leigðar bifreiðar starfsmanna ríkisins, sbr. 5. gr.

3. gr.

Þegar hagkvæmt er talið að anna vissum verkefnum stofnana ríkisins með eigin bifreiðum, kaupir ríkið bifreiðar til þessara þarfa og rekur þær á eigin kostnað.

Skulu ríkisbifreiðar greinilega auðkenndar, og eru einkaafnot starfsmanna af þeim óheimil. Að loknum starfsdegi skulu ríkisbifreiðar skildar eftir í vörzlu stofnunar. Þó er forstöðumanni stofnunar heimilt, að fengnu samþykki fjármálaráðuneytisins, að leyfa starfsmanni að hafa slíka bifreið í sinni vörzlu utan vinnutíma, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

4. gr.

Kaup og sala ríkisbifreiða skal fara fram á vegum Innkaupastofnunar ríkisins. Slík viðskipti eru óheimil án samþykkis fjármálaráðuneytisins. Innkaupastofnunin annast afsöl og tilkynningar vegna slíkra viðskipta og hefur milligöngu um afhendingu bifreiða og innheimtu söluandvirðis. Sala ríkisbifreiða skal fara fram með almennum útbóði.

5. gr.

Heimilt er að leigja bifreiðar í eigu starfsmanna til notkunar í þágu ríkisins. Fjármálaráðuneytið, fjárlaga- og hagsýslustofnun, metur akstursþörf einstakra starfsmanna að höfðu samráði við forstöðumenn viðkomandi ríkisstofnana og ráðuneyti. Skal starfsmönnum skipað í akstursflokka á grundvelli slíks akstursmats.

6. gr.

Hlutaðeigandi ríkisstofnun gerir skriflegan samning við einstaka starfsmenn á grundvelli akstursmats, sbr. 5. gr., á sérstöku samningsformi, sem til þess er ætlað.

Samningurinn er því aðeins gildur, að hann sé samþykktur með áritun fjármálaráðuneytisins, fjárlaga- og hagsýslustofnunar.

7. gr.

Ríkisstofnun er óheimilt að greiða starfsmanni fyrir akstur nema skv. samningi, sbr. 6. gr. Forstöðumaður hlutaðeigandi ríkisstofnunar skal fylgjast með framkvæmd samnings og bera ábyrgð á, að eftir honum sé farið. Forfallist starfsmaður, sem fær greiðslur skv. akstursflokkun, skal honum greitt hlutfallslega fyrir þann tíma, sem unninn er. Ef starfsmaður lætur af störfum eða skiptir um starf, fellur samningurinn sjálfkrafa úr gildi.

8. gr.

Að svo miklu leyti sem eigi er unnt að ákvarða akstursflokk starfsmanns með akstursmati, skal leigugjald fyrir bifreiðaafnot greitt skv. þar til gerðri akstursdagbók. Ökumaður bifreiðar skal sjá um færslu akstursdagbókar og gera það þegar að loknum akstri. Ökumaður undirritar akstursdagbókina, en forstöðumaður stofnunar eða umboðsmaður hans staðfestir aksturinn og nauðsyn hans með áritun sinni. Óheimilt er að greiða fyrir akstur skv. dagbókinni án staðfestingar yfirmanns.

9. gr.

Greiðsla fyrir bifreiðaafnot ákvarðast eftir akstursgjaldi, km-gjaldi, er fjármálaráðuneytið setur hverju sinni.

10. gr.

Hver ráðherra getur fengið til umráða ríkisbifreið, sem ríkissjóður ber allan kostnað af. Bifreiðar þessar skulu sérstaklega auðkenndar, og er óheimil notkun þeirra nema í embættisþágu.

Ráðherra, sem ekki óskar að fá til umráða ríkisbifreið, á þess kost að fá keypta bifreið, er hann tekur við embætti, með sömu kjörum og gilt hafa um bifreiðakaup ráðherra, er lætur af embætti. Heimilt er að veita ráðherra í eitt skipti lán til slíkra kaupa með sömu kjörum og gilda um ríkisforstjóra, sem haft hafa ríkisbifreið til afnota.

11. gr.

Heimilt er að veita starfsmönnum utanríkisþjónustunnar undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda af bifreið, er þeir flytja heim eftir eigi skemmra en þriggja ára samfellt starf erlendis. Gildir þetta þó ekki nema einu sinni á sjö ára fresti. Undanþágan verður því aðeins veitt, að utanríkisráðuneytið mæli með henni hverju sinni. Ambassadorar, sem flytja heim, njóta framangreindra hlunninda án tímatakmarkana.

Bifreið, sem hefur verið innflutt þannig, má ekki selja fyrr en að þremur árum liðnum frá heimflutningi, nema aðflutningsgjöld séu greidd.

Ambassadorar, sem nú hafa ríkisbifreið til afnota, eiga kost á að kaupa hana eða aðra bifreið og njóta láns í því sambandi með sama hætti og forstjórar ríkisstofnana, sbr. ákvæði til bráðabirgða.

12. gr.

Bíla- og vélaneftnd, sem fjármálaráðherra skipar, er ráðuneytinu til aðstoðar og ráðuneytis um atriði, er varða framkvæmd þessarar reglugerðar.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við 5. gr. III., 4, reglugerðar nr. 96, 31. desember 1969 um Stjórnarráð Íslands og öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Allar bifreiðar, sem ríkið hefur fengið forstjórum ríkisstofnana og öðrum starfsmönnum til umráða, og ekki eru nauðsynlegar sem hreinar vinnubifreiðar vegna starfsemi viðkomandi stofnana, skulu seldar, og skal sölu þeirra lokið eigi síðar en 1. júlí 1970. Fjármálaráðuneytið ákveður, hvaða bifreiðar teljast hreinar vinnubifreiðar.

Forstjórum ríkisstofnana og öðrum starfsmönnum, sem hafa ríkisbifreiðar til afnota, er ekki teljast hreinar vinnubifreiðar, skal gefinn kostur á að kaupa umráðar bifreiðar. Söluverð bifreiðanna fer eftir mati, sem framkvæmt er af aðilum tilnefndum af fjármálaráðuneytinu. Ríkissjóður lánar viðkomandi forstjórum og öðrum starfsmönnum andvirði bifreiðanna, er endurgreiðist á 10 árum með jöfnum árlegum afborgunum og 5% ársvöxtum.

Hafi bifreið, sem forstjóri ríkisstofnunar hefur til umráða, verið keypt fyrir 1. júlí 1967, gefst forstjóra kostur á að kaupa nýja bifreið, og lánar ríkissjóður þá andvirði bifreiðarinnar, en þó aldrei nema 350 þús. kr. til 10 ára, er endurgreiðist með jöfnum árlegum afborgunum og 5% ársvöxtum.

Hafi bifreið, sem starfsmaður ríkisstofnunar annar en forstjóri hefur til umráða, verið keypt fyrir 1. júlí 1967, gefst starfsmanni kostur á að kaupa nýja bifreið, og lánar ríkissjóður þá andvirði bifreiðarinnar, en þó aldrei nema 250 þús. kr. til 10 ára, er endurgreiðist með jöfnum árlegum afborgunum og 5% ársvöxtum.

Umræddum forstjórum og öðrum starfsmönnum skal skipað í akstursflokka skv. 5. gr. þessarar reglugerðar til greiðslu leigugjalds fyrir notkun eigin bifreiða í þágu ríkisins.

Samningum um afnot bifreiða starfsmanna í þágu ríkisins, sem þegar hafa verið gerðir, skal sagt upp frá og með 1. janúar 1971. Skulu nýir samningar gerðir, þar sem viðkomandi starfsmönnum er skipað í akstursflokka skv. 5. gr. þessarar reglugerðar, sbr. þó 8. gr.

Í fjármálaráðuneytinu 30. janúar 1970.

Magnús Jónsson.

Gisli Blöndal.